

Kæru nemendur,

Nú er sumarfríð að klárast og skólabyrjun handan við hornið. Við erum full tilhlökkunar að taka á móti ykkur og vonum að þið séuð tilbúin að takast á við veturinn. Við bjóðum 8. bekk hjartanlega velkominn í þennan flotta hóp okkar í Úllónolló.

Breytingar hafa orðið á kennarateyminu og hafa nýir starfsmenn tekið til starfa, þeir eru Hanna kennari, Steinunn sérkennari og Ómar Björn stuðningsfulltrúi. Við tökum vel á móti þeim og hlökkum til samstarfsins.

Á skólaárinu verður nóg að gera og mörg spennandi verkefni framundan. Við munum kynna fyrir nemendum og foreldrum fyrirkomulag og kennsluhætti á námskynningu í haust. Nánar auglýst síðar.

Reykjavíkurborg útvegar ritföng til notkunar í skólanum en öll þurfa að eiga ritföng heima við. Í upphafi skólaárs fá nemendur afhentan ípad og viljum við minna á að hann er vinnutæki og þarf alltaf að vera með í för og fullhlaðinn. Nemendur eiga að mæta með heyrnartól í skólann en hluti af námsefninu er hljóð- og myndefni.

Skólasetning verður í Björnslundi þriðjudaginn 22. ágúst kl. 16:15.

Miðvikudaginn 23. ágúst kl. 8:30 hefst skólinn samkvæmt stundaskrá. Sundkennsla verður á föstudögum og mun **9. bekkur byrja** og verður í sundi fram að áramótum en þá tekur 8. bekkur við og verður í sundi á vorönn. Ípróttir verða kenndar á fimmtudögum en listir verða á föstudögum.

Bestu kveðjur,
Úllónolló teymið

